

Foreldrafélag Flúðaskóla
Fundargerð

Fundur í stjórn Foreldrafélags Flúðaskóla 28. september 2017 kl. 16:30
Fundarstaður: Flúðaskóli

Mættir:

Sigríður Björk, Guðrún skólastjóri, Valný og Karl sem ritar fundargerð.

Aðalfundur

Halda þarf aðalfund. Rætt hvort ástæða sé að kalla til fyrirlesara með erindi sem höfði til foreldrasamfélagsins. Sigríður skoðar það. Miðað við fyrirvarinn má telja líklegra að fundurinn fari fram án slíks erindis. Ákveðið að fundurinn verði haldinn mánudaginn 9. október kl. 20:30 í matsal Flúðaskóla.

Það sem snýr að kjöri stjórnar um lögum félagsins var rifjað upp. Stjórnin ætlar að gefa kost á áframhaldandi setu. Lagt til að varamennirnir tveir sitji sömuleiðis áfram. Haft verður samband við þá og þau mál rædd við þá. Karl tekur það að sér.

Dagskrá fundarins verði þessi:

Skýrsla stjórnar

1. Reikningar
2. Kjör stjórnar
3. Val fulltrúa í skólaráð. Einn fulltrúa foreldra í því mun ganga úr skólaráði. Annar verður kosinn í hans stað. Stjórnin stingur upp í Svölu Bjarnadóttur á Fjalli. Sigríður Björk ætlar að hafa samband við þau. Reiknað er með þremur fundum á ári.
4. Önnur mál

Staða reiknings

Hreyfingar á bankareikningi félagsins ræddar. Eina greiðslu vantar frá hreppnum. Ýtt verður á eftir því.

Umræður um skýrslu stjórnar

Umræður um fyrirkomulag á áminningum vöktum í Zero.

Karl ætlar að skrifa fundarboð vegna aðalfundarins og senda skólastjóra til dreifingar.

Fundi slitið kl. 17:40.